



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 28. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 9. FUNDUR ÁRSINS VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 8. SEPTEMBER 2016 KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2016, þann 8. september kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

### **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps.
2. Yfirlit yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu 8 mánuði ársins.
3. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2016.
4. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingi: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um námslán og námsstyrki.
5. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun.
6. Jörðin Kluftir: Skógræktarsamningur.
7. Greinargerð vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu fyrir forsetakosningar.
8. Uppsveitir Árnessýslu: Samstarfssamningur um námsráðgjafa í Uppsveitum.
9. ÁTVR: Húsaleigusamningur.
10. SASS þing: Kosning fulltrúa.
11. Landvernd: Byggingarleyfi í Kerlingarfjöllum.
12. Friðlýsingarskilmálar í Kerlingarfjöllum.
13. Lóðarleigusamningar í Kerlingarfjöllum: Fyrirspurn.
14. Ásabyggð 14: Forkaupsréttur.

### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

15. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 10. fundar nefndarinnar frá júlí - ágúst s.l.
16. Skólanefnd: Fundargerð 11. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 25. ágúst s.l.
17. Skólanefnd: Fundargerð 12. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 25. ágúst s.l.

### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:**

18. Fundargerð 115. fundar skipulagsnefndar frá 25. ágúst s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 3. og 17. ágúst s.l.  
Mál nr. 18: Afgreiðslur byggingarfulltrúa  
Mál nr. 19: Afgreiðslur byggingarfulltrúa

### **Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. SASS: Fundargerð 510. fundar stjórnar frá 5. ágúst s.l.
- b. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 7. fundar stjórnar frá 23. ágúst s.l.
- c. Bergrisinn: Fundargerð 20. fundar stjórnar Bergrisans bs. frá 24. ágúst s.l.
- d. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 174. fundar stjórnar frá 19. ágúst s.l.

### **Kynningarmál:**

- e. Ráðstefna ungmennaráða á Suðurlandi.
- f. Námsferð Sambands íslenskra sveitarfélaga í íbúalyðræði til Svíþjóðar: Skýrsla.
- g. Félag stjórnenda leikskóla: Ályktanir.
- h. Bændasamtök Íslands: Ályktanir búnaðarþings 2016
- i. Velferðarvaktin: Hvattning um að leggja kostnaðarbáttöku foreldra vegna ritfangakaupa barna af eða halda henni í lágmarki.
- j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Ábending til skólanefnda um kostnað vegna námsgagna.
- k. Samband íslenskra sveitarfélaga: Minnisblað um áhrif nýrrar húsnæðislöggjafar gagnvart sveitarfélögum.

- I. Samband íslenskra sveitarfélaga: Samningur um notkun á höfundarréttavörðu efni í skólastarfi.

#### **Fundir framundan**

- m. Skipulagsdagurinn 15. september.
- n. Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna 22.-23. september.
- o. Ársþing SASS: 20.-21. október nk.

#### **Skýrslur**

- p. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Ársskýrsla 2015.

#### **Gengið til dagskrár:**

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

##### **1. Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps.**

Lögð fram lagfærð tillaga að Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 þar sem komið er til móts við athugasemdir og ábendingar Skipulagsstofnunar sem fram komu í bréfi dags. 12. júlí s.l.

Á fundinn mæta þeir Ásgeir Jónsson, skipulagsráðgjafi og Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi og fóru yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið.

Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að senda tillöguna til athugunar Skipulagsstofnunar að nýju og til auglýsingar í framhaldi af því.

##### **2. Yfirlit yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu 8 mánuði ársins.**

Sveitarstjóri fór yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu 8 mánuði ársins. Rekstur sveitarfélagsins er að mestu á áætlun en ljóst er að álag er á einstaka launaliði og þá verða viðhaldsverkefni sveitarfélagsins kostnaðarsamari en áætlanir gerðu ráð fyrir.

##### **3. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2016.**

Oddviti kynnti viðauka við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2016. Gert er ráð fyrir að tekjur hækki um kr. 7.600.000 og útgjöld um kr. 18.000.000. Einnig er um að ræða færslu milli fjárfestingarverkefna auk þess sem gert er ráð fyrir auknum tekjum vegna gatnagerðargjalda. Skv. þessu er gert ráð fyrir að rekstrarhagnaður sveitarfélagsins verði eftir þessar breytingar kr. 19.834.000 í stað 30.234.000. Nettóútgjaldaaukningu er mætt með lækkun á handbæru fé. Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun 2016.

##### **4. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um námslán og námsstyrki.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Nefndarsviði Alþingis um frumvarp til laga um námslán og námsstyrki.

##### **5. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Nefndarsviði Alþingis um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun.

##### **6. Jörðin Kluftir: Skógræktarsamningur.**

Oddviti lagði fram tilkynningu um skógræktarsamning á Kluftum. Sveitarstjórn samþykkir fyrilliggjandi áform um skógrækt á Kluftum enda samrýmist það stefnu sveitarfélagsins varðandi landnotkun.

##### **7. Greinargerð vegna utankjörfundaratzkvæðagreiðslu fyrir forsetakosningar.**

Oddviti kynnti skýrslu sem gerð var vegna utankjörfundaratzkvæðagreiðslu á vegum Hrunamannahrepps fyrir forsetakosningarnar sl. vor. Sveitarstjórn telur eðlilegt og sanngjarnt að ríkið standi straum af kostnaði sveitarfélaganna vegna slíkrar vinnu.

##### **8. Uppsveitir Árnessýslu: Samstarfssamningur um námsráðgjafa i Uppsveitum.**

Oddviti kynnti samning um samstarf uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps um ráðningu á sameiginlegum námsráðgjafa. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra eða oddvita að undirrita hann.

##### **9. ÁTVR: Húsaleigusamningur.**

Oddviti kynnti drög að nýjum húsaleigusamningi við ÁTVR um Akurgerði 4 en fyrirtækið hefur óskað eftir því að fá alla fasteignina til útleigu undir starfssemi sína vegna aukinna umsvifa. Sveitarstjórn samþykkir drög að nýjum húsaleigusamningi í samræmi við umræður á fundinum og felur sveitarstjóra að klára samningsferlið og ganga frá nýjum húsaleigusamningi við ÁTVR.

## **10. SASS þing: Kosning fulltrúa.**

Ársþing SASS verður haldið á Hnappavöllum í Skaftárreppi 20. og 21. október nk. Sveitarstjórn samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar hennar á ársþingi SASS og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands: Halldóra Hjörleifsdóttir, Kolbrún Haraldsdóttir og Bjarney Vignisdóttir en til vara Unnsteinn Logi Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson og Erla Björg Arnardóttir. Fulltrúi á aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri og til vara Halldóra Hjörleifsdóttir.

## **11. Landvernd: Byggingarleyfi í Kerlingarfjöllum.**

Oddviti fór yfir málið en afgreiðslu á því var frestað á síðasta fundi sveitarstjórnar. Sameiginlegur fundur hefur verið haldinn með Fannborg ehf og Landvernd þar sem málin voru rædd. Ljóst er að verið er að vinna umhverfismat vegna framkvæmda Fannborgar ehf í Kerlingarfjöllum og ætti niðurstaða í því mati að liggja fyrir næsta vor. Ljóst er að málið varðar talsverða hagsmuni, niðurfelling á byggingarleyfi að svo komnu máli getur verið til þess fallin að raska þeim hagsmunum. Sveitarstjórn telur því ekki rétt að fella byggingarleyfi fyrir 1. áfanga úr gildi. Hins vegar samþykkir sveitarstjórn að heimila Fannborg ehf ekki frekari framkvæmdir á grundvelli nágildandi byggingarleyfis að öðru leyti en því að forða núverandi byggingu frá skemmdum, s.s. vegna ytra byrðis þess hluta hússins sem nú þegar er risinn. Sveitarstjórn mun síðan taka málið upp aftur þegar umhverfismat um framkvæmdina liggur fyrir.

## **12. Friðlýsingarskilmálar í Kerlingarfjöllum.**

Oddviti kynnti endurskoðuð drög að friðlýsingarskilmálum vegna Kerlingarfjalla í kjölfar fundar með Umhverfisstofnun og annarrar rýningar á skilmálunum. Sveitarstjórn er sátt við skilmálana eins og þeir liggja fyrir. Þó telur sveitarstjórn nauðsynlegt að umsögn Skipulagstofnunar vegna endurskoðunar aðalskipulags Hrunamannahrepps liggi fyrir sem og umsögn Umhverfisstofnunar vegna friðlýsingarsvæðisins. Sveitarstjórn samþykkir því að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar sveitarstjórnar.

## **13. Lóðarleigusamningar í Kerlingarfjöllum: Fyrirspurn**

Oddviti kynnti fyrirspurn sem borist hefur frá eiganda sumarhúss í Kerlingarfjöllum vegna möguleika á að gerður verði lóðaleigusamningur vegna fasteignarinnar. Sveitarstjórn upplýsir að ekki liggur fyrir stefna um framtíð þeirra húsa í Kerlingarfjöllum sem ekki hafa gildandi lóðaleigusamninga. Þar til sú stefna hefur verið mörkuð stendur ekki til að gera slíka samninga.

## **14. Ásabyggð 14: Forkaupsréttur.**

Oddviti kynnti beiðni frá Lögmönnum Suðurlandi þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 14 skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 14 í Hrunamannahreppi, fastanúmer 220-4120 skv. samþykktum kaupsamningi um eignina.

### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

#### **15. Ferða og menningarnefnd: Fundargerð 10. fundar nefndarinnar frá júlí - ágúst s.l**

Oddviti kynnti fundargerð 10. fundar ferða og menningarnefndar. Þar var fjallað um hvernig var staðið að undirbúningi verslunarmannahelgarinnar og uppskeruhátiðarinnar. Sveitarstjórn þakkar nefndinni góð störf við skipulagningu hátiðanna og samþykkir fundargerðina.

#### **16. Skólanefnd: Fundargerð 11. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 25. ágúst s.l**

Oddviti kynnti fundargerð 11. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla. Farið var yfir skýrslu skólastjóra, kynnt var skýrsla Menntamálastofnunar um ytra mat skólans. Þá var farið yfir rekstur skólans og fundartíma nefndarinnar. Sveitarstjórn þakkar Menntamálastofnun fyrir greinargóða skýrslu um ytra mat á starfsemi Flúðaskóla. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

#### **17. Skólanefnd: Fundargerð 12. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 25. ágúst s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 12. fundar skólanefndar vegna Undralands. Farið var yfir skýrslu skólastjóra, kynnt var framkvæmd umbótaáætlunar vegna ytra mats. Þá var farið yfir rekstur skólans, starfsmannamál, fundartíma nefndarinnar og umsóknir um vistun barna yngri en 18. mánaða. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:**

#### **18. Fundargerð 115. fundar skipulagsnefndar frá 25. ágúst s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 3. og 17. ágúst s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 115. fundar skipulagsnefndar frá 25. ágúst s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 3. og 17. ágúst s.l.

Mál nr. 18: Afgreiðslur byggingafulltrúa

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 3. ágúst sl.

Mál nr. 19: Afgreiðslur byggingafulltrúa

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 17. ágúst sl.

### **Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

#### **a. SASS: Fundargerð 510. fundar stjórnar frá 5. ágúst s.l.**

Lagt fram til kynningar.

#### **b. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 7. fundar stjórnar frá 23. ágúst s.l.**

Lagt fram til kynningar.

#### **c. Bergrisinn: Fundargerð 20. fundar stjórnar Bergrisans bs. frá 24. ágúst s.l.**

Lagt fram til kynningar.

#### **d. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 174. fundar stjórnar frá 19. ágúst s.l.**

Lagt fram til kynningar.

### **Kynningarmál:**

#### **e. Ráðstefna ungmennaráða á Suðurlandi.**

Lagt fram til kynningar.

#### **f. Námsferð Sambands íslenskra sveitarfélaga í íbúalýðræði til Svíþjóðar: Skýrsla.**

Lagt fram til kynningar.

#### **g. Félag stjórnenda leikskóla: Ályktanir.**

Lagt fram til kynningar.

#### **h. Bændasamtök Íslands: Ályktanir búnaðarþings 2016.**

Lagt fram til kynningar.

#### **i. Velferðarvaktin: Hvattning um að leggja kostnaðarbáttöku foreldra vegna ritfangakaupa barna af eða halda henni í lágmarki.**

Lagt fram til kynningar.

#### **j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Ábending til skólanefnda um kostnað vegna námsgagna.**

Lagt fram til kynningar.

#### **k. Samband íslenskra sveitarfélaga: Minnisblað um áhrif nýrrar húsnæðislöggjafar gagnvart sveitarfélögum.**

Lagt fram til kynningar.

#### **l. Samband íslenskra sveitarfélaga: Samningur um notkun á höfundarréttavörðu efni í skólastarfi.**

Lagt fram til kynningar.

### **Fundir framundan**

#### **m. Skipulagsdagurinn 15. september.**

Lagt fram til kynningar.

#### **n. Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna 22.-23. september.**

Lagt fram til kynningar.

#### **o. Ársþing SASS: 20.-21. október nk.**

Lagt fram til kynningar.

### **Skýrslur**

#### **p. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Ársskýrsla 2015.**

Lagt fram til kynningar.

SS  
L  
S  
B  
V

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:40.

Hannðora Hjörleifsdóttir  
Bjarni Vigfusdóttir  
~~C. S. Egger~~  
Kárusinn HARALDSSON  
Sigurðr Sigurjónsson  
Jón S. Þorsteinsson